



STEFNIR

Ársreikningur 2013

Stefnir hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Stjórnarháttaryfirlýsing 2014	15
Ársreikningur Verðbréfasjóða	18
Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða	19
Rekstrarreikningur	20
Efnahagsreikningur	21
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	22
Rekstrarreikningur EUR sjóðs	23
Efnahagsreikningur EUR sjóðs	24
Yfirlit um breytingar á hreinni eign EUR sjóðs	25
Yfirlit um fjárfestingar	26
Skýringar	30

Efnisyfirlit, frh.:

Ársreikningur Fjárfestingarsjóða	36
Samandreginn ársreikningur fjárfestingarsjóða	37
Rekstrarreikningur	38
Efnahagsreikningur	40
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	42
Rekstrarreikningur EUR sjóðs	44
Efnahagsreikningur EUR sjóðs	45
Yfirlit um breytingar á hreinni eign EUR sjóðs	46
Yfirlit um fjárfestingar	47
Skýringar	54

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Einnig stýrir félagið eignum nokkurra samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið um framtaksfjárfestingar. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 414 milljarða króna í virkri stýringu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A-hluti ársreiknings hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Stefnis hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Starfsemi á árinu

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 1.046 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins nam 2.570 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 65,2% en samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0 %.

Hlutfé félagsins nam í upphafi og lok árs 43,5 millj. kr. og var það allt í eigu Arion banka hf. og tengdra félaga.

Helstu atburðir í rekstri félagsins á árinu 2013

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. mars 2013 en þar var tekin ákvörðun um 900 millj. kr. arðgreiðslu til hluthafa Stefnis. Stjórn Stefnis sem kjörin var á fundinum er skipuð Hrund Rudolfsdóttur sem er stjórnarformaður, Snjólfí Ólafssyni sem er varaformaður stjórnar, Jökli Heiðdal Úlfssyni, Kristjáni Jóhannssyni og Svövu Bjarnadóttur sem eru meðstjórnendur.

Stefnir hlaut viðurkenningu árið 2012 fyrst íslenskra fyrirtækja sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands og byggir m.a. á úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG ehf. Í júlí 2013 hlaut Stefnir endurnýjun viðurkenningarinnar fyrir árið 2013. Stöðugt er unnið að viðhaldi og þróun stjórnarhátta hjá félaginu og er ákvörðun stjórnar um formlega stofnun starfskjaranefndar á vormisseri liður í því starfi. Undirnefndir stjórnar félagsins eru því tvær, en fyrir var starfandi endurskoðunarnefnd.

Í mars varð Stefnir hf. aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF). Með aðild að samtökunum felst þátttaka í almennri hagsmunagæslu í málefnum íslensks fjármálageira ásamt því að vera aðili að Samtökum Atvinnulífsins (SA).

Eignir í virkri stýringu jukust á árinu úr rúmlega 386 milljörðum í 414 milljarða, eða um 7,2%. Samfara þessari aukningu varð dreifing milli eignaflokka jafnari og þar með tekjudreifing félagsins betri.

Þegar árið er tekið saman er ljóst að mikill munur er á ávöxtun eftir eignaflokkum. Skuldabréfasjóðir skiluðu töluvert lægri nafnávöxtun en undangengin ár fyrir utan Stefnir – ríkisbréfasjóður óverðtryggður. Helstu ástæður má rekja til styrkingar íslensku krónunnar í upphafi árs með lækkandi verðbólgu og hækkunar ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa en að sama skapi hækkðu óverðtryggðu skuldabréfaflokkarnir framan af ári. Fjölmargir aðrir ytri þættir s.s. óvissa tengd kjarasamningum, skuldaleiðréttingartillögur stjórnvalda og niðurstöður fjárlagafrumvarps höfðu einnig áhrif á skuldabréfamarkaðinn. Hlutabréfasjóðir í rekstri Stefnis og blandaðir sjóðir með áherslu á hlutabréf áttu mjög gott ár, bæði var innflæði í sjóðina mikið og ávöxtun framúrskarandi. Þess má geta að Stefnir – ÍS 15 skilaði yfir 43% nafnávöxtun árið 2013 og Stefnir – Samval yfir 21% nafnávöxtun 2013. Erlendir sjóðir í stýringu félagsins áttu einnig gott ár í samræmi við gengi erlendra markaða en MSCI heimsvísitala hlutabréfa skilaði yfir 21% ávöxtun 2013 mælt í evrum. Hlutabréfamarkaðir nýmarkaðsríkja áttu á brattann að sækja og sést það glögg á gengi erlendra sjóða sem fjárfesta í þeim ríkjum. Gjaldeyrishöft setja erlendum fjárfestingum einstaklinga og fagfjárfesta miklar hömlur og eiga erlendir sjóðir í rekstri og stýringu Stefnis takmarkaða möguleika til stækkunar í því umhverfi.

Til að skerpa á áherslum í sjóðaframboði var ákveðið undir lok árs að sameina fjárfestingarsjóðina Stefni – Verðbréfavall 1, Stefni – Verðbréfavall 2 og Stefni – Samval undir nafni þess síðast talda. Sameinaður sjóður er rúmlega 5 milljarðar að stærð og telur tæplega 4000 hlutdeildarskírteinishafa.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Sérhæfðar fjárfestingar hafa aukist nokkuð síðustu misseri, einkum fjárfestingar í innlendum, óskráðum hlutafélögum og fasteignum. Stefnir hf. lauk fjármögnun á 7,5 milljarða framtakssjóði, Stefni íslenska athafnasjóðnum II (SÍA II) í upphafi árs 2013. Hluthafar í sjóðnum eru um 30 talsins og samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálfyrirtækjum og fagfjárfestum. Stefnir hefur ásamt meðfjárfestum verið leiðandi í framtaksfjárfestingum og fjárfest fyrir samtals rúmlega 16 milljarða í íslensku atvinnulífi. SÍA II hefur unnið að kaupum á innlendra starfsemi Norviku síðan sl. vor. Starfsemin sem um ræðir nær yfir verslunarrekstur á vegum Kaupáss, Elko og Intersports auk vöruhótelsins Bakkans og auglýsingastofunnar Expo. Undir lok árs var gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Skeljungi og færæyska olíufélaginu P/F Magn en kaupin voru leidd af SÍA II. Fasteignasjóðateymi Stefnis fyrir hönd SRE II slhf. keypti Fiskislóð 2 þar sem Geymslur.is eru til húsa og 85% hlut í Hótel Borg. Einnig lauk teymið skuldabréfafjármögnun fyrir 2.750 mkr. á húsnæði Nýherja og Advania. Skuldabréfateymi Stefnis kom á laggirnar tveimur fagfjárfestasjóðum sem gáfu út skuldabréf. Annarsvegar 5,7 milljarða eignavarið skuldabréf til fjármögnunar á fasteignasafni Klasi fasteigna ehf. og hinsvegar tæplega 700 milljóna höfuðstólstrýggt skuldabréf tengt ávöxtun KMS Bric sjóði í stýringu Stefnis.

Áhættustýring og stjórnarhættir

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn Stefnis hefur kortlagt áhættur í rekstrarumhverfi Stefnis. Greining og mæling á þeim áhættum sem félagið getur staðið frammi fyrir hefur verið gerð með skipulögðum hætti og er stjórn kynnt álit áhættustýringar og innra eftirlits með reglulegum skýrslum. Aðgerðir til stýringar og mildunar mögulegra áhættuþátta eru mikilvægar rekstraröryggi félagsins. Úthýsing verkefna og eftirlit með úthýsingu er einn af nokkrum mikilvægum þáttum til stýringar og mildunar áhættuáttvika. Auk þess hefur áætlun um samfelldan rekstur vegna þeirrar áhættu sem getur raskað eða stöðvað rekstur félagsins tímabundið, verið skjalfest og viðbrögð kynnt starfsmönnum Stefnis.

Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Frekari upplýsingar um stjórnarhætti má finna í stjórnarháttayfirlýsingu Stefnis 2014.

Framtíðaratburðir, áhættu- og óvissuþættir í rekstri félagsins

Gjaldeyrishöft hamla vexti erlendra sjóða í rekstri félagsins, bæði er lokað fyrir nýfjárfestingu og aðgerðir Seðlabanka Íslands vegna afnáms gjaldeyrishafta hafa þrýst á sölu íslenskra lífeyrissjóða á erlendum eignum, þ.m.t. verðbréfasjóðum.

Stefnir hf. var með dómi Hæstaréttar Íslands 16. janúar sl., sýknaður af kröfum LBI hf. vegna vegna viðskipta sjóða í stýringu félagsins við Landsbanka Íslands hf., fyrir og við fall bankans. Rekstrarfélagið hefur staðið straum af kostnaði vegna málarekstursins og eru áhrif þeirra á rekstur og gengi þeirra verðbréfasjóða sem í hlut eiga engin.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. mars 2014

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Stefni hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum Stefnis hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stefnis hf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar fyrir Stefni hf. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013, breytingu á handbæru fé og breytingu á hreinni eign sjóðanna á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 11. mars 2014

Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	4	1.531.977	2.022.294
Hreinar fjármunatekjur	10	157.093	206.317
Hreinar rekstrartekjur		<u>1.689.071</u>	<u>2.228.611</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	463.095	420.837
Vörsluþóknun		210.232	172.915
Þjónustugjöld til Arion banka hf.		26.942	27.648
Annar rekstrarkostnaður		188.828	175.569
Varúðarfærsla vegna dómsmáls	18	(500.000)	500.000
Rekstrargjöld		<u>389.096</u>	<u>1.296.969</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.299.974	931.642
Tekjuskattur	12	(254.053)	(195.606)
Hagnaður	16	<u>1.045.921</u>	<u>736.037</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.907.043	2.073.946
Verðbréf með föstum tekjum		59.476	64.020
Verðbréf samtals	5, 13	<u>1.966.519</u>	<u>2.137.966</u>
Krafa á móðurfélag		2.391	0
Viðskiptakröfur	7	<u>472.077</u>	<u>428.431</u>
Kröfur samtals		<u>474.468</u>	<u>428.431</u>
Tekjuskattseign	9, 17	47.046	128.863
Aðrar eignir		151.464	24.334
Handbært fé	8	<u>597.587</u>	<u>755.688</u>
Aðrar eignir samtals		<u>796.098</u>	<u>908.885</u>
Eignir samtals		<u><u>3.237.085</u></u>	<u><u>3.475.282</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður		10.875	10.875
Óráðstafað eigið fé		<u>2.515.503</u>	<u>2.369.581</u>
Eigið fé samtals	16	<u>2.569.878</u>	<u>2.423.956</u>
Skuldir			
Skuldir við móðurfélag		277.113	238.838
Viðskiptaskuldir		4.901	7.759
Aðrar skammtímaskuldir		211.678	699.422
Skattskuld	17	<u>173.515</u>	<u>105.308</u>
Skuldir samtals		<u>667.207</u>	<u>1.051.326</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.237.085</u></u>	<u><u>3.475.282</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður	16	1.045.921	736.037
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbreytingar verðbréfaeignar	(186.528)	(140.776)
Gjaldfærður tekjuskattur		254.053	195.606
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(625.494)	519.587
		487.953	1.310.453
Greiddur tekjuskattur	17	(104.029)	(9.273)
Handbært fé frá rekstri		383.925	1.301.179
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting		337.238	(898.830)
Verðbréf með föstum tekjum, breyting		20.738	13.561
Fjárfestingahreyfingar		357.975	(885.269)
Fjármögnungarhreyfingar			
Greiddur arður	16	(900.000)	(700.000)
Fjármögnunarahreyfingar		(900.000)	(700.000)
Breyting á handbæru fé		(158.100)	(284.089)
Handbært fé í ársbyrjun		755.688	1.039.777
Handbært fé í lok árs.....	8	597.587	755.688

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Stefnir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Aðsetur Stefnis er að Borgartúni 19, Reykjavík og kennitala félagsins er 700996-2479.

Stefnir hf. er dótturfélag í eigu Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Stefnis hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðs-reikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

3. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

4. Umsýslu- og árangurstengdar þóknarir

Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða Stefnis hf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign, heildareignum eða áskriftarloforðum hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Einnig fær félagið þóknun fyrir rekstur samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið um framtaksfjárfestingar. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir. Auk þess fær félagið árangurstengdar þóknarir.

5. Verðbréf

a. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Hlutdeildarskírteini og eignarhlutir í fjárfestingarfélögum eru metin á gildandi kaupverði í lok ársins. Skráð hlutdeildarskírteini eru eignfærð á markaðsverði í lok ársins.

b. Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok árs.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok árs.

Skýringar, frh.:

6. Erlend viðskipti

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags, skv. gengisveitu Reuters. Erlendar eignir og skuldir eru færðar á gengi í lok ársins. Eignir í erlendri mynt umfram skuldir nema 1.158 milljónum króna í lok ársins og greinast þannig:

	EUR	USD	GBP	Aðrar myntir
Eignir	1.087.926	38.614	33.307	4.483
Skuldir	(2.693)	(498)	(2.987)	0
Nettó staða 31.12.2013	1.085.233	38.115	30.320	4.483
Nettó staða 31.12.2012	1.062.138	45.581	37.944	225

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni virðisýrnum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

9. Tekjuskattseign

Útreikningur frestaðrar tekjuskattseignar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna niðurfærslu á verðbréfaeign og gengismunar sem dreift er á þrjú ár í samræmi við skattalög.

10. Hreinar fjármunatekjur

Hreinar fjármunatekjur greinast þannig:

	2013	2012
Verðbreytingar verðbréfaeignar	221.136	106.968
Arðstekjur	4.144	0
Myntgengismunur	(80.958)	86.683
Vaxtatekjur	13.046	12.738
Vaxtagjöld	(275)	(71)
Hreinar fjármunatekjur	157.093	206.317

11. Starfsmannamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

Laun	357.469	323.887
Launatengd gjöld	106.076	96.949
Endurgreiddur launakostnaður	(450)	0
Laun og tengd gjöld samtals	463.095	420.837

Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:

Starfsmenn í lok árs	21	20
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	20	18

Skýringar, frh.:

11. Starfsmannamál, frh.	2013	2012
Laun og hlunnindi stjórnenda félagsins greinast þannig:		
Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri	26.398	24.541
Hrund Rudolfsdóttir, formaður stjórnar	4.900	3.600
Snjólfur Ólafsson, varaformaður stjórnar	3.035	2.400
Kristján Jóhannsson, meðstjórnandi	2.300	1.800
Jökull Heiðar Úlfsson, meðstjórnandi	2.000	0
Svava Bjarnadóttir, meðstjórnandi	2.600	1.800
Laun og hlunnindi samtals	41.233	34.141

Laun sex lykilstjórnenda námu samtals 92,0 millj. kr. (89,4 millj. kr. til fimm lykilstjórnenda árið 2012). Laun veggja fulltrúa utan stjórnar í endurskoðunarnefnd námu 1,6 millj.kr. (1,2 millj.kr. árið 2012).

Stjórn félagsins hefur samþykkt starfsreglur um kaupauka í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 700/2011 og eru þær staðfestar af FME. Áætlaðar kaupauki vegna ársins 2013 er að hluta til greiðslu 2014 og að hluta að þremur árum liðnum og nemur 42 millj. kr. auk launatengdra gjalda og hafa samtals 53 millj. kr. verið skuldfærðar í efnahagsreikningi félagsins. Kaupaukagreiðslur á árinu námu 30 millj. króna, auk launatengdra gjalda. Eftirstöðvar áætlaðs kaupauka vegna ársins 2012 eru til greiðslu á árinu 2015 og nemur skuldfærsla í efnahagsreikningi að meðtöldum launatengdum gjöldum 17 millj. kr.

12. Tekjuskattur	2013	2012
Tekjuskattur ársins	254.053	186.332
Leiðrétting frá fyrra ári	0	9.273
Tekjuskattur samtals	254.053	195.606

13. Verðbréf	2013	2012
Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:		
Hlutdeildarskírteini útgefin af sjóðum reknunum af Stefni hf.	1.700.015	1.925.480
Hlutdeildarskírteini útgefin af öðrum	69.368	76.779
Eignarhlutir í fjárfestingarfélagum	137.660	71.687
	1.907.043	2.073.946
Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		
Skráð á Nasdaq OMX Íslandi:		
Útgefin af opinberum aðilum	10.614	11.862
Óskráð:		
Útgefin af opinberum aðilum	4.151	4.664
Útgefin af öðrum	44.712	47.494
	59.476	64.020
Verðbréf samtals	1.966.519	2.137.966

Skýringar, frh.:

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Stefnis hf. eru móðurfélagið, Arion banki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélagum bankans, sjóðir í rekstri, stjórn og lykilstjórnendur Stefnis.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Viðskipti við tengda aðila 2013:

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka	185.935	229.197	613.499	277.113
Sjóðir í rekstri Stefnis	1.359.087	0	213.689	70.276
	<u>1.545.022</u>	<u>229.197</u>	<u>827.188</u>	<u>347.389</u>

15. Eignir í stýringu

Eignir viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum Stefnis hf. námu 414 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 386 milljarða króna í lok árs 2012.

16. Eigið fé

a. Hlutfé félagsins nemur 43,5 millj. kr. í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

b. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2012	43.500	10.875	2.333.545	2.387.920
Greiddur arður			(700.000)	(700.000)
Hagnaður			736.037	736.037
Eigið fé 31.12.2012	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>2.369.581</u>	<u>2.423.956</u>
Eigið fé 1.1.2013	43.500	10.875	2.369.581	2.423.956
Greiddur arður			(900.000)	(900.000)
Hagnaður			1.045.921	1.045.921
Eigið fé 31.12.2013	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>2.515.503</u>	<u>2.569.878</u>

c. Eigið fé í lok árs er 2.570 þús. kr. eða 79,4% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 65,2% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	2013	2012
Heildar eigið fé	2.569.878	2.423.956
Skatteign	(47.046)	(128.863)
Eiginfjárgrunnur	<u>2.522.831</u>	<u>2.295.093</u>
Heildar eiginfjárfkrafa greinist þannig:		
Útlánaáhætta	216.792	219.350
Markaðsáhætta	92.652	91.671
Eiginfjárfkrafa	<u>309.445</u>	<u>311.021</u>
Eiginfjárlutfall	65,2%	59,0%

Skýringar, frh.:

17. Tekjuskattseign (-skuld)	2013	2012
Tekjuskattseign (-skuld) breytist þannig:		
Tekjuskattseign í ársbyrjun	23.556	209.888
Reiknaður tekjuskattur ársins	(254.053)	(186.332)
Greiddur tekjuskattur	104.029	0
Tekjuskattseign (-skuld) í lok árs	<u>(126.468)</u>	<u>23.556</u>
Skiptist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	(173.515)	(105.308)
Frestuð tekjuskattseign	47.046	128.863
Tekjuskattseign (-skuld) í lok árs	<u>(126.468)</u>	<u>23.556</u>
Frestuð tekjuskattseign skiptist þannig á milli liða:		
Verðbréfaeign	39.057	39.057
Frestun gengishagnaðar	5.043	(13.693)
Varúðarniðurfærsla	0	100.000
Aðrir liðir	2.946	3.499
Frestuð tekjuskattseign í lok árs	<u>47.046</u>	<u>128.863</u>

18. Aðrar upplýsingar

Í október 2011 stefndi slitastjórn Landsbanka Íslands félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Stefnan byggði á kröfu Slitastjórnar um riftun á útgreiðslum Landsbanka Íslands hf. á peningamarkaðsinnlánnum sem voru á gjalddaga snemma í október 2008 til tveggja sjóða í stýringu Stefnis. Um var að ræða fjárhæð sem nam samtals 450 millj. kr. auk vaxta. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að Stefni bæri, fyrir hönd sjóðanna, að greiða umdeilda fjárhæð. Varúðarfærsla vegna þessa máls var færð á árinu 2012. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem sýknaði Stefni 16. janúar 2014.

Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2014

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Stefnis hf. (Stefnir) er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 19. gr. laga nr. 161/2002. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfa, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. og meginreglur OECD um stjórnarhætti fyrirtækja voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Stefnis var samin. Báðar heimildir má nálgast á heimasíðu Stefnis.

Stefnir var á árinu 2012 fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni ítarlegri úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG ehf. Stefnir hlaut á árinu 2013 endurnýjun viðurkenningarinnar og er því, nú sem fyrr, til fyrirmyndar á Íslandi þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Stjórn Stefnis telur góða stjórnarhætti vera veigamikinn þátt í árangri Stefnis sem leiðandi sjóðastýringarfyrirtækis á Íslandi. Stjórnarhættir sjá fyrirtækjum fyrir ramma þar sem markmið eru skilgreind, hvaða tól skulu notuð til að ná þeim markmiðum og hvernig árangur markmiðanna er mældur. Góðir stjórnarhættir eiga að stuðla að réttum hvötum stjórnar og stjórnenda til að sækja þau tækifæri sem þjóna hagsmunum fyrirtækisins, hluthöfum og almennings en góðir stjórnarhættir auðvelda einnig stjórn að sinna eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan hátt.

Stefnir er sjálfstætt starfandi fjármálfyrirtæki skv. lögum 161/2002. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóði skv. lögum 128/2011. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 414 milljarða króna í virkri stýringu. Stefnir hefur á að skipa 21 starfsmanni yfir 10 ára meðalreynslu af starfi á fjármálamörkuðum.

Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. Félagið er að fullu í eigu bankans og tengdra félaga. Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis er liður í að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa og annara hagsmunaaðila en þá má m.a. skilgreina sem; hlutdeildarskírteinishafa í sjóðum sem Stefnir rekur, aðila sem þjónusta og koma að rekstri Stefnis, starfsmenn auk almennings.

Starfsemi félagsins eru settar þröngar skorður af hálfu löggjafans. Um starfsemina gilda m.a. lög um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 og lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði nr. 128/2011. Stefnir sætir eftirliti FME skv. lögum númer 87/1998.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn hefur unnið áhættustefnu fyrir félagið. Stefnan er unnin á ensku en í lauslegri þýðingu er hún svo hljóðandi:

„Stjórn Stefnis er meðvituð um að áhættustýring og innra eftirlit eru ein af meginstoðum ábyrgs sjóðareksturs. Með því að setja fram skýra áhættustefnu vill stjórnin ýta undir og styðja við fyrirtækjamenningu innan Stefnis, sem einkennist af ríkri áhættuvitund. Jafnframt er tilgangurinn að koma skýrum skilaboðum til allra hagaðila félagsins.

Öll rekstartengd áhætta innan Stefnis er greind reglubundið og metin. Félagið hefur komið sér upp tækjum og tólum til að fylgjast með og skila greiningu á viðkomandi áhættuþáttum. Félagið býr jafnframt yfir stjórnartækjum, sem samanstanda af reglum, ferlum og kerfum, sem bæði sinna innra eftirliti og draga úr einstökum áhættuþáttum. Stefnir hefur auk þess komið sér upp ferlum sem miða að því að viðhalda óskertri starfsemi og þjónustu, þrátt fyrir umtalsverðar rekstrartruflanir. Með vönduðum stjórnarháttum vill stjórnin tryggja að stefnur, ferlar og áhættustýringarkerfi séu innleidd á öllum sviðum starfsemi Stefnis.“

Regluvörslu, innri endurskoðun og hluta áhættustýringar er útvistað til Arion banka með leyfi FME og er stjórn kynnt málefni Stefnis sem eru til skoðunar hjá sviðunum með reglulegum skýrslum.

Reikningsskil félagsins eru í höndum fjármálasviðs Arion banka en Stefnir hefur fengið leyfi FME fyrir útvistun til sviðsins. Arion banki er jafnframt vörslufyrirtæki Stefnis hf. og er uppgjör sjóða félagsins í höndum bankans. Endurskoðunarnefnd tekur uppgjörið til skoðunar og fær álit ytri endurskoðanda á árshluta- og ársuppgjörum Stefnis og þeirra sjóða sem Stefnir rekur. Skýrslugjöf til stjórnar vegna reikningsskila er í höndum nefndarinnar en stjórn hittir einnig ytri endurskoðanda Ernst & Young ehf.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stjórnarmenn Stefnis eru fimm talsins og eru varamenn jafn margir. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Arion banka hf., móðurfélagi Stefnis, og félaginu sjálfu. Allir stjórnarmenn eru kjörnir af hluthafafundi félagsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og sinnir daglegum rekstri félagsins í þeirra umboði. Stjórnarfundir eru haldnir reglulega, að jafnaði mánaðarlega en oftar ef þurfa þykir. Sérfræðingur í rekstrarteymi Stefnis er ritari stjórnar. Lögfræðingur Stefnis er einnig viðstaddur og veitir stjórnarmönnum lögfræðilega ráðgjöf á stjórnarfundum. Stjórnarfundir á árinu voru 14 og var stjórn í öllum tilvikum ákvörðunarbær. Starfsreglur og starfsáætlun stjórnar Stefnis má finna á heimasíðu félagsins auk samþykka félagsins.

Í stjórn Stefnis eru óháðir stjórnarmenn Hrund Rudolfsdóttir, formaður, forstjóri Veritas, Snjólfur Ólafsson, varaformaður, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Kristján Jóhannsson, stjórnarformaður Icepharma hf. og Svava Bjarnadóttir, eigandi og ráðgjafi Strategiu. Háður stjórnarmaður er Jökull H. Úlfsson, forstöðumaður A plús hjá Arion banka hf. Meiri hluti stjórnarmanna hefur átt sæti í stjórn frá árinu 2009 en Kristján Jóhannsson tók sæti í stjórn í júní 2011 og Jökull H. Úlfsson tók sæti í stjórn í mars 2013. Frekari upplýsingar um stjórnarmenn Stefnis er að finna á heimasíðu félagsins.

Varamenn eru Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, svæðis- og útibússtjóri hjá Arion banka hf., Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður hjá Lögmonnum Höfðabakka, Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir, forstöðumaður markaðssviðs Símans, Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Hörður Kvaran, sérfræðingur á fjármálasviði Arion banka hf.

Endurskoðunarnefnd, sem kjörin er af stjórn, var endurkjörin frá fyrra ári. Formaður nefndarinnar er Snjólfur Ólafsson prófessor. Aðrir nefndarmenn eru Guðlaug Sigurðardóttir verkfræðingur og Sturla Jónsson, lögg. endurskoðandi. Endurskoðunarnefndin hélt fimm fundi á árinu 2013. Nefndin var í öllum tilvikum ákvörðunarbær. Nefndarmenn eru óháðir félaginu og nýtist fjölbreytt þekking þeirra á rekstri félaga, endurskoðun og stjórnun vel í starfi nefndarinnar. Nefndin skilar árlegri skýrslu sinni til stjórnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Starfskjaranefnd Stefnis var stofnuð á árinu en í henni sitja Hrund Rudolfsdóttir og Svava Bjarnadóttir. Helsta hlutverk nefndarinnar er að setja félaginu starfskjarastefnu og gera tillögur um laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra, annarra stjórnenda og stjórnar Stefnis. Starfskjarastefnu félagsins má finna á heimasíðu þess.

Stjórnarmenn Stefnis tóku allir þátt í að móta og skilgreina meginhlutverk sitt með eftirfarandi hætti:

Meginhlutverk stjórnarinnar er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að félagið sé leiðandi aðili meðal sjóðastýringarfyrirtækja og að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsmanna og þjóffélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágörkuð. Stjórnin leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að starf stjórnar og félagsins sé ávallt samkvæmt lögum, reglum og góðum viðskiptaháttum.

Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum félagsins.

Árlega metur stjórn störf sín og gerir tillögur að úrbótum. Framkvæmdastjóri er ekki viðstaddur matið og stjórnarformaður vikur af fundi þegar stjórnarmenn leggja mat á frammistöðu hennar. Matið í heild er svo tekið saman, tillögum stjórnar um úrbætur úthlutað til ábyrgðaraðila og verklokátími skilgreindur fyrir hvern þátt um sig.

Framkvæmdastjóri félagsins frá 1. júlí 2009 er Flóki Halldórsson 40 ára B.A. í hagfræði frá Háskóla Íslands. Flóki hefur víðtæka reynslu af fjármálamörkuðum og stjórnun. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur félagsins þar sem farið er að þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið sbr. 1 mgr. 6ð gr. hfl. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf til innri og ytri eftirlitsaðila. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem fylgja starfsemi félagsins. Framkvæmdastjóra ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir. Framkvæmdastjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn og fylgjast með því að sú eftirfylgni sé skilvirk. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins, aðra en þá sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 161/2002, og veitir þeim lausn.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Í janúar 2014 voru samþykktar nýjar starfsreglur fyrir stjórn. Starfsreglurnar eru settar með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög Efni reglnanna styðst að nokkru leyti við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktir félagsins auk þess sem sú vinna sem unnin hefur verið hjá félaginu vegna vottunar félagsins sem fyrirmyndarfyrirtækis í góðum stjórnarháttum hefur verið mikilvægt innlegg. Starfsreglurnar má nálgast á heimasíðu Stefnis.

Stefnir hefur verið í fararbroddi á árinu og, sem fyrr, boðið viðskiptavinum upp á samkeppnishæfa og ábyrga fjárfestingarkosti í nær öllum eignaflokkum. Það er félaginu mikilvægt að miðla upplýsingum með nákvæmum og aðgengilegum hætti til fjárfesta. Heimasíða félagsins gegnir mikilvægu hlutverki í þessari upplýsingamiðlun en þar má finna alla sjóði Stefnis sem standa almenningi til boða og ítarlegar upplýsingar um þá.

Engir dómar fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, hafa fallið um Stefni. Upplýsingar um mál fyrir dómstólum tengd Stefni er að finna í skýringum í ársreikningi félagsins.



Verðbréfasjóðir
Ársreikningur 2013

Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða 31. desember 2013

Verðbréfasjóðir í rekstri eru 9 talsins í árlök 2013 eða jafnmargir og þeir voru í lok árs 2012. Raunávöxtun skuldabréfasjóðanna síðustu 12 mánuði var almennt neikvæð. Undantekning er sjóðurinn Stefmir -Ríkisbréfasjóður óverðtryggður. Raunávöxtun hlutabréfasjóða var hins vegar jákvæð á árinu 2013. Afkoma verðbréfasjóða í íslenskum krónum á árinu var samtals 1.425 millj. kr. samanborið við 3.349 millj. kr. á árinu 2012. Hrein eign sjóðanna í íslenskum krónum í árslok var 63.091 millj. kr. og lækkaði um 8.834 millj. kr. á árinu eða 12,3%. Sjóðurinn Stefmir - Scandinavian Fund sætti umtalsverðum innlausnum á árinu. Hagnaður varð af rekstri hans sem nam 330 þús. EUR samanborið við 711 þús. EUR á fyrra ári. Hrein eign í árslok 2013 var 1.256 þús. EUR samanborið við 4.759 þús. EUR í árslok 2012. Hrein eign sjóðsins lækkar þannig um 73,6% á árinu 2013.

Rekstur og efnahagur verðbréfasjóða í ISK (í millj. króna)														
	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign			Gengi		Raunávöxtun síðustu		
	2013	2012	2013	2012	2013	2012	2013	2012	Breyting	2013	2012	3 mánuði	6 mánuði	12 mánuði
Stefmir - Ríkisverðbréfasjóður langur	321	1.055	18.571	20.553	35	37	18.536	20.516	(9,7%)	3,98	3,91	(3,38%)	(0,92%)	(2,00%)
Stefmir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	633	1.008	22.112	24.656	67	67	22.045	24.589	(10,3%)	22.529,32	21.955,62	(2,73%)	(0,84%)	(1,01%)
Stefmir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur	1	2	41	46	0	0	41	46	(10,9%)	113,28	110,32	(1,47%)	(1,00%)	(0,94%)
Stefmir - Erlend hlutabréf (1)	55	130	813	770	2	4	811	766	5,8%	274,91	256,27	2,05%	5,98%	3,53%
Stefmir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	52	29	893	896	2	1	891	895	(0,4%)	151,39	144,13	(1,34%)	(1,84%)	1,33%
Stefmir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	283	935	19.542	21.577	29	30	19.513	21.547	(9,4%)	140,23	138,36	(3,63%)	(0,80%)	(2,22%)
Stefmir - Ríkisvixlasjóður	75	125	981	3.297	4	8	977	3.289	(70,3%)	124,93	121,30	0,07%	0,16%	(0,65%)
Stefmir - Kjarabréf	5	10	278	277	1	0	277	277	0,0%	16,96	16,68	(2,55%)	(1,78%)	(1,91%)
Stefmir - Lausafjársgjóður (2)	-	55	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Samtals	1.425	3.349	63.231	72.072	140	147	63.091	71.925	(12,3%)					

Rekstur og efnahagur verðbréfasjóða í EUR (í þús. EUR)														
	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign			Gengi		Nafnávöxtun síðustu		
	2013	2012	2013	2012	2013	2012	2013	2012	Breyting	2013	2012	3 mánuði	6 mánuði	12 mánuði
Stefmir - Scandinavian Fund	330	711	1.259	4.782	3	23	1.256	4.759	(73,6%)	104,71	86,97	4,79%	15,93%	20,40%
Samtals	330	711	1.259	4.782	3	23	1.256	4.759	(73,6%)					

(1) Varðandi gengi í sjóðnum er vísað í skýringu 15b

(2) Sjóðnum var lokað 2012

Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður langur	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður millilangur	Stefnir Ríkis- verðbréfa sjóður stuttur	Stefnir Erlend hlutabréf	Stefnir Ríkisbréfa- sjóður óverð- tryggður	Stefnir Ríkis- skuldabréf verðtryggð	Stefnir Ríkisvixla- sjóður	Stefnir Kjara- bréf	Samtals 2013	Samtals 2012
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2-7										
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		534	896	1	71	63	506	95	11	2.177	4.124
Vaxtagjöld		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hreinar fjármunatekjur		534	896	1	71	63	506	95	11	2.177	4.124
Rekstrargjöld:											
Umsýslubóknun	8	193	235	0	14	10	203	18	6	679	701
Annar rekstrarkostnaður		20	28	0	2	1	20	2	0	73	74
		213	263	0	16	11	223	20	6	752	775
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		321	633	1	55	52	283	75	5	1.425	3.349

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður langur	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður millilangur	Stefnir Ríkis- verðbréfa sjóður stuttur	Stefnir Erlend hlutabréf	Stefnir Ríkisbréfa- sjóður óverð- tryggður	Stefnir Ríkis- skuldabréf verðtryggð	Stefnir Ríkisvixla- sjóður	Stefnir Kjara- bréf	Samtals 2013	Samtals 2012
Eignir:											
Verðbréf með föstum tekjum		17.585	20.227	40	0	828	18.929	947	259	58.815	70.072
Hlutabréf		0	0	0	750	0	0	0	0	750	745
Hlutdeildarskírteini		0	0	0	44	0	0	0	0	44	0
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum		975	1.871	0	0	0	603	0	0	3.449	281
Verðbréf samtals	9	18.560	22.098	40	794	828	19.532	947	259	63.058	71.098
Handbært fé	10	11	14	1	18	65	10	34	19	172	973
Innleystar eignir	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Aðrar eignir	12	0	0	0	1	0	0	0	0	1	0
Aðrar eignir samtals		11	14	1	19	65	10	34	19	173	974
Eignir samtals		18.571	22.112	41	813	893	19.542	981	278	63.231	72.072
Skuldir:											
Hlutdeildarskírteini	15	18.536	22.045	41	811	891	19.513	977	277	63.091	71.925
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		17	20	0	1	1	18	1	1	59	63
Aðrar skammtímaskuldir	13	18	47	0	1	1	11	3	0	81	84
Aðrar skuldir samtals		35	67	0	2	2	29	4	1	140	147
Skuldir samtals		18.571	22.112	41	813	893	19.542	981	278	63.231	72.072
Hlutdeildarskírteini		18.536	22.045	41	811	891	19.513	977	277		
Fjöldi eininga (í millj.)		4.660,597	0,978	0,361	2,949	5,887	139,146	7,824	16,339		
Gengi sjóðsbréfa í lok árs	15	3,98	22.529,32	113,28	274,91	151,39	140,23	124,93	16,96		

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2013

Skýr.	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður langur	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður millilangur	Stefnir Ríkis- verðbréfa sjóður stuttur	Stefnir Erlend hlutabréf	Stefnir Ríkisbréfa- sjóður óverð- tryggður	Stefnir Ríkis- skuldabréf verðtryggð	Stefnir Ríkisvixla- sjóður	Stefnir Kjara- bréf	Samtals 2013	Samtals 2012
Rekstrarhreyfingar:										
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	321	633	1	55	52	283	75	5	1.425	3.349
Fjármögnunarhreyfingar:										
Seld hlutdeildarskírteini	1.282	2.217	4	65	470	2.529	39	0	6.606	21.897
Innleyst hlutdeildarskírteini	(3.583)	(5.394)	(10)	(75)	(526)	(4.846)	(2.426)	(5)	(16.865)	(22.065)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.301)	(3.177)	(6)	(10)	(56)	(2.317)	(2.387)	(5)	(10.259)	(168)
Hækkun (lækkun)	(1.980)	(2.544)	(5)	45	(4)	(2.034)	(2.312)	0	(8.834)	3.181
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun	20.516	24.589	46	766	895	21.547	3.289	277	71.925	68.744
Hlutdeildarskírteini í lok árs.....	18.536	22.045	41	811	891	19.513	977	277	63.091	71.925

Rekstrarreikningur EUR sjóðs 2013

	Skýr.	Stefnir Scandi- navian fund	Samtals 2013	Samtals 2012
<i>Fjárhæðir í þús. EUR</i>				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2-7			
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		364	364	817
Vaxtagjöld		0	0	0
Hreinar fjármunatekjur		364	364	817
Rekstrargjöld:				
Umsýsluþóknun	8	30	30	98
Annar rekstrarkostnaður		4	4	8
		34	34	106
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		330	330	711

Efnahagsreikningur EUR sjóðs 31. desember 2013

		Skýr.	Stefnir Scandi- navian fund	Samtals 2013	Samtals 2012
<i>Fjárhæðir í þús. EUR</i>					
Eignir:					
Hlutabréf			1.217	1.217	4.679
	Verðbréf samtals	9	1.217	1.217	4.679
Handbært fé		10	42	42	103
	Aðrar eignir samtals		42	42	103
	Eignir samtals		<u>1.259</u>	<u>1.259</u>	<u>4.782</u>
Skuldir:					
Hlutdeildarskírteini		15	1.256	1.256	4.759
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag			2	2	9
Aðrar skammtímaskuldir		13	1	1	14
	Aðrar skuldir samtals		3	3	23
	Skuldir samtals		<u>1.259</u>	<u>1.259</u>	<u>4.782</u>
Hlutdeildarskírteini			1.256		
Fjöldi eininga (í millj.)			11,991		
Gengi sjóðsbréfa í lok árs		15	<u>104,71</u>		

Yfirlit um breytingar á hreinni eign EUR sjóðs 2013

<i>Fjárhæðir í þús. EUR</i>	Skýr.	Stefnir Scandi- navian fund	Samtals 2013	Samtals 2012
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		330	330	711
Fjármögnunarhreyfingar:				
Seld hlutdeildarskírteini		70	70	72
Innleyst hlutdeildarskírteini		(3.903)	(3.903)	(56)
Fjármögnunarhreyfingar		(3.833)	(3.833)	16
Hækkun (lækkun)		(3.503)	(3.503)	727
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		4.759	4.759	4.032
Hlutdeildarskírteini í lok árs.....		<u>1.256</u>	<u>1.256</u>	<u>4.759</u>

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2013

	Markaðs- verð	Eign 2013 %	Eign 2012 %	Breyting %	Fjárfestingarstefna Lágmark %	Hámark %
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur						
Íbúðabréf	13.108					
Ríkisbréf	3.770					
Spariskírteini	703					
Önnur ríkisskuldabréf	4					
Skráð skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	17.585	95	100	(5)	50	100
Innlán fjármálafyrirtækja	975	5	0	5	0	20
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-2 sbr. hér að framan, þar með talið afleiður	0	0	0	0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	18.560	100	100	0		
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur						
Íbúðabréf	9.548					
Ríkisbréf	7.527					
Spariskírteini	1.345					
Önnur ríkisskuldabréf	1.807					
Skráð skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	20.227	92	100	(8)	60	100
Innlán fjármálafyrirtækja	1.871	8	0	8	0	20
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-2 hér að framan	0	0	0	0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	22.098	100	100	(0)		
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur						
Ríkisbréf	14					
Ríkisvixlar	0					
Spariskírteini	7					
Íbúðabréf	19					
Skráð skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurkenningar útgefnar af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	40	100	100	0	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	0	0	0	20
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-2 sbr. hér að framan	0	0	0	0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	40	100	100	0		

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2013, frh.:

	Markaðs- verð	Eign 2013 %	Eign 2012 %	Breyting %	Fjárfestingarstefna Lágmark %	Hámark %
Stefnir - Erlend hlutabréf						
<i>Fyrirtæki í þungaiðnaði</i>	132					
<i>Fjármála- og tryggingafyrirtæki</i>	141					
<i>Smá- og heildsölufyrirtæki</i>	156					
<i>Ýmis iðnaðar- og þjónustufyrirtæki</i>	146					
<i>Hátækniyrirtæki</i>	97					
<i>Lyfja- og læknisfræðileg fyrirtæki</i>	78					
Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfamörkuðum	750	94	100	(6)	80	100
Hlutdeildarskírteini kauphallarsjóða	44	6	0	6	0	20
Hlutdeildarskírteini peningamarkaðssjóða	0	0	0	0	0	10
Innlán fjármálaframtækja	0	0	0	0	0	10
Afleiður vegna stöðutöku	0	0	0	0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	794	100	100	0		
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður						
<i>Ríkisbréf</i>	828					
Óverðtryggð ríkisskuldabréf, ríkisvixlar og önnur óverðtryggð skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins	828	100	100	0	90	100
Innlán fjármálaframtækja	0	0	0	0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	828	100	100	0		
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð						
<i>Íbúðabréf</i>	13.557					
<i>Ríkisbréf</i>	4.558					
<i>Spariskírteini</i>	117					
<i>Önnur ríkisskuldabréf</i>	697					
Verðtryggð skuldabréf og aðrar verðtryggðar skuldaviðurkenningar útgefnar af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	18.929	97	100	(3)	90	100
Innlán fjármálaframtækja	603	3	0	3	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	19.532	100	100	0		

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2013, frh.:

	Markaðs- verð	Eign 2013 %	Eign 2012 %	Breyting %	Fjárfestingarstefna Lágmark %	Hámark %
Stefnir - Ríkisvixlasjóður						
Ríkisvixlar	740					
Ríkisbréf	202					
Íbúðabréf	5					
Ríkisvixlar og ríkisskuldabréf, þ.e. vixlar, skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útgefin af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	947	100	91	9	90	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	9	(9)	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	947	100	100	0		
Stefnir - Kjarabréf						
Ríkisbréf	73					
Íbúðabréf	139					
Spariskírteini	20					
Önnur ríkisskuldabréf	17					
Skráð skuldabréf, vixlar og aðrar skuldaviðurkenningar	249	96	97	(1)	50	100
Óskráð innlend skuldabréf og vixlar	10	4	3	1	0	10
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	0	0	0	20
Peningamarkaðsskjöl	0	0	0	0	0	20
Aðrir fjármálagerningar en getið er um að ofan, þ.m.t. afleiður	0	0	0	0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	259	100	100	(0)		

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2013, frh.:

	Markaðs- verð	Eign 2013 %	Eign 2012 %	Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Stefnir - Scandinavian Fund						
<i>Fjárhæðir í þús. EUR</i>						
<i>Fyrirtæki í þungaiðnaði</i>	94					
<i>Fjármála- og tryggingafyrirtæki</i>	272					
<i>Smá- og heildsölufyrirtæki</i>	206					
<i>Ýmis iðnaðar- og þjónustufyrirtæki</i>	400					
<i>Hátæknifyrirtæki</i>	109					
<i>Lyfja- og læknisfræðileg fyrirtæki</i>	136					
Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfamörkuðum	1.217	100	100	0	80	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	0	0	0	10
Peningamarkaðssjóðir	0	0	0	0	0	10
Afleiður vegna stöðutöku	0	0	0	0	0	25
Innlend hlutabréf	0	0	0	0	0	10
Heildarverðmæti fjárfestinga	1.217	100	100	0		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A hluti ársreiknings Stefnis hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans. Ársreikningur Stefnis hf. skiptist í A og B hluta. A hlutinn er rekstrarfélagið sjálft og B hlutinn einstakir sjóðir rekstrarfélagsins.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Verðbréfasjóða Stefnis hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna en í þúsundum EUR fyrir EUR sjóð. Ársreikningur sjóðanna er ekki hluti af ársreikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði ársreikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok 2013 skv. gengisveitu Reuters. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við umreikning eigna er færður í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs. Sjóðir sem eru með grunnmynt aðra en íslenska krónu eru birtir í viðkomandi mynt.

5. Verðtryggðar eignir og skuldir

